

Marbakki

Starfsáætlun 2021-2022



EFNISYFIRLIT

Inngangur	2
Um leikskólann	3
Leikskólinn, húsnæði, lóð og rými	3
Lýðræði og mannréttindi, Barnasáttmálinn og Heimsmarkmiðin	4
Námskrá, stefna og uppeldislegar áherslur	5
Skólalastarfið	6
Heilbrigði og vellíðan	6
Sköpun og menning	6
Sjálfbærni og vísindi.....	7
Læsi og samskipti	8
Dagskipulag	9
Menningarviðburðir, hefðir og hátíðir	9
Kynning á leikskólanum	11
Foreldrasamstarf	12
Stefna og áherslur.....	12
Foreldraráð	12
Foreldrafélag.....	12
Fræðsla og upplýsingar til foreldra	12
Þátttaka foreldra í leikskólalastarfi.....	13
Starfsfólk	14
Starfsmannastefna.....	14
Áherslur í samstarfi	14
Fundir	14
Skipulagsdagar.....	14
Símenntunaráætlun	14
Samsetning starfsmannahópsins	15
Börn	15
Fjöldi barna, aðlögun, flutningur milli deilda og útskrift.....	15
Stuðningur við börn	16
Samstarf	16
Við grunnskóla	16
Við aðra	17
Öryggismál	18
Öryggisnefnd.....	18
Áfallaráð.....	18
Innra eftirlit.....	18
Slys	18
Innra mat	19
Matsaðferðir.....	19
Niðurstöður innra mats 2020-2021 – samantekt	20
Mat á umbótaáætlun 2020-2021	22
Matsáætlun næstu fjögurra ára.....	23
Matsáætlun 2021-2022	24
Umbótaáætlun 2021-2022 í kjölfar endurmats.....	25
Símenntunaráætlun 2021 - 2022:	28

Inngangur

Leikskólinn er fyrsta skólastigið og mikilvægur tími náms og þroska. Í samstarfi við foreldra á leikskólinn að veita öllum börnum tækifæri til að njóta barnsku sinnar ásamt því að stuðla að öryggi þeirra og vellíðan.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun í leikskólanum markvissari með því að setja fram markmið um starfið og umbótamiðað innra mat. Í starfsáætlun eru settar fram upplýsingar fyrir starfsfólk, foreldra og rekstraraðila um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Marbakki vinnur eftir starfsaðferðum Reggio Emilia þar sem starfsaðferðir taka mið af lýðræði, virðingu fyrir getu barna og að þau afli reynslu og þekkingar á eigin forsendum í gegnum leik og starf.

Einkunnarorð leikskólans eru sjálfstæð, glöð og skapandi börn.

Um leikskólann

Leikskólinn, húsnæði, lóð og rými

Leikskólinn Marbakki er fimm deilda skóli sem bera heitin Bakki, Ból, Ós, Lundur og Lækur. Marbakki tók formlega til starfa þann 11. maí 1986 og var fram til ársins 2009 þriggja deilda skóli fyrir börn frá 2-6 ára. Árið 2009 var byggt við skólann, deildum fjölgað um tvær og börn frá eins árs aldri fengu frá þeim tíma pláss í leikskólanum. Opnunartími skólans er kl. 7.30 - 16.30 alla virka daga. Skólinn er staðsettur rétt við fjöruborðið sem gefur skólanum einstakt umhverfi að vinna í.

Heildarrými leikskólans er 743 m², leik- og námsrými er 404 m² og flatarmál lóðar er 2.960 m². Rými á hvert barn er þannig 7,6 m², leik- og námsrými 4,1 m² og lóðarrými um 30 m².

Áherslur 2021-2022 Í skólanum verða 98 börn skólaárið 2021-2022. Yngstu börnin byrja á Bakka og Bóli og stefnt á að þau verði þar í tvö ár, svo fara þau á Ós í eitt ár áður en þau fara á Læk eða Lund þar sem þau verða þar til þau útskrifast. Yngstu börn skólans eru fædd árið 2019 og þau elstu árið 2016.

Nýr leikskólastjóri tók við Marbakka í apríl 2021 og nýr aðstoðarleikskólastjóri kom til starfa í byrjun ágúst sl. Markmið nýrra stjórnenda er að viðhalda og efla starf í anda Reggio Emilia þar sem Marbakki hefur frá upphafsdögum leikskólans verið til fyrirmyndar þegar kemur að þeim starfsaðferðum og var einn af fyrstu leikskólum Íslands sem horfði til þeirra. Markmiðið er að endurheimta gæðaoðspor Marbakka sem framúrskarandi leikskóli sem starfar í anda Reggio Emilila.

Hugað verður sérstaklega að námstækifærum sem bjóðast í Marbakka bæði úti og inni. Sérgreinastjóri hefur verið ráðinn í eitt ár sem hefur það hlutverk að sjá til þess að börnunum standi til boða í dagsins önn fjölbreytt námstækifæri sem kalla fyrst og fremst á virkni starfsmanna en ekki innkaup. Lögð verður áhersla á að efla starfsfólk í starfsaðferðum leikskólans og skapa lærdómssamfélag þar sem við lærum hvert af öðru og saman, hver á sínum forsendum.

Í starfsaðferðum Reggio Emilia er lögð áhersla á umhverfið sem þriðja kennarann og mikilvægi þess að það sé fallett, rólegt og staðni ekki heldur taki breytingum svo það sé forvitnilegt og veki vellíðan. Það er því alltaf verkefni í Reggio leikskólum að vinna í umhverfinu og í upphafi skólaársins núna verður farið yfir rými leikskólans með þetta í huga. Stefnt er að því að mála ýmis sameiginleg rými leikskólans s.s. matstofu, kaffistofu starfsfólks og skrifstofur.

Lýðræði og mannréttindi, Barnasáttmálinn og Heimsmarkmiðin

Lýðræði og mannréttindi/jafnrétti eru hluti af grunnþáttum menntunar á Íslandi samkvæmt gildandi aðalnámskrá allra skólastiga. Grunnþættir menntunar fléttast inn í allt skólastarf og birtast markmið lýðræðis í leikskólastarfinu til dæmis í áherslu á lýðræði í skólastarfinu öllu og að börnin telji sig geta haft áhrif á starfið og umhverfi skólans, læri að hlusta á aðra og finni að á þau sé hlustað. Leikskólastarf sem byggir á mannréttindum og jafnrétti skapar tækifæri fyrir öll börn til að þroskast og rækta hæfileika sína þar sem skilningur, samkennd, umburðarlyndi og víðsýni eru í fyrirrúmi.

Barnasáttmáli SP og Heimsmarkmið SP um sjálfbæra þróun koma inn í lýðræðis- og mannréttindaáherslur Marbakka, bæði í gegnum sérstök verkefni sem þeim tengjast og í daglegu starfi þar sem unnið er út frá kortlagningu starfsfólks á þeim tækifærum sem skólinn hefur til að vinna þessum alþjóðasamningum brautargengi.

Unnið 2020-2021

Umbótaverkefni um lýðræði í leikskólastarfinu voru unnin með áherslu á aukin áhrif barna á viðburði í leikskólanum, matstofu og samskiptareglur. Hópur um samskiptareglur fór af stað vorið 2021. Hópar barna ræddu opið um samskipti, samskiptavanda og leiðir til að leysa. Úrvinnsla heldur áfram haustið 2021 með Lausnaringinn til hliðsjónar. Mat 4 og 5 ára barna kom einnig inn á kennaramiðaðar stundir og þaðan fóru hugmyndir þeirra inn í umbótaáætlun næsta árs. Börn komu að endurskipulagningu matstofu og að skipulagningu viðburða svo sem öskudags og bangsadags. Sérstök verkefni tengd Barnasáttmála og Heimsmarkmiðum komust ekki til framkvæmda á skólaárinu.

Áherslur 2021-2022

Staldræð verður við umbótarverkefnin sem farin voru af stað eða fyrirhuguð voru. Tilgangur og markmið með samskiptasáttmála barna verður ræddur og kynntur öllum starfsmönnum á starfsmannafundi í október eða nóvember og Lausnaringurinn ræddur. Í framhaldi af því í samráði við nýjan sérkennslustjóra, sem vonandi tekst að ráða, verður ákveðið hvort við teljum að þessi verkfæri séu lausnin til að bæta samskipti og til að auðvelda börnunum til að leysa úr hegðunar og tilfinningavanda. Uppspretta starfsaðferða Reggio Emilia eiga rætur að rekja til lýðræðis og í vetur samhliða endurskoðun hluta námskrárinnar sem fyrirhuguð er verður lýðræði í leikskólastarfinu hugsað í auknu mæli út frá stað og stund en ekki sérstaklega tengt ákveðnum viðburðum eða verkefnum. Lögð verður áhersla á að börnin hafi áhrif á viðfangsefni sín í dagsins önn og að þau séu drifin áfram af áhugahvöt sinni.

Áhersla verður sett á sjálfbærni og ryki dustað af lokaskýrslunni sem kom út þegar verkefninu „Náttúran og nærumhverfið - Þróunarverkefni Kópavogsbæjar í sjálfbærni veturinn 2014 – 2015“ lauk.

Námskrá, stefna og uppeldislegar áherslur

Einkunnarorð skólans eru sjálfstæð, glöð og skapandi börn. Unnið er eftir lögum um leikskóla, aðalnámskrá leikskóla og námskrá leikskóla Kópavogs. Námskrá og starf leikskólans Marbakka byggir á starfsaðferðum Reggio Emilia sem koma frá samnefndri borg á Ítalíu. Leikskólastarf er í sífelldri mótun og þróast í takt við þann hóp sem kemur að leikskólastarfinu hverju sinni. Undanfarin ár hefur starf skólans byggt á meginþema sem er **náttúran**. Þemað er vítt og sveigjanlegt og gefur fjölbreytta möguleika á að nálgast áhugasvið barnanna hverju sinni. Þá eru sérstakar áherslur á sjálfbærni, vináttu og læsi

Áhersla er á vellíðan barna, lýðræði, sköpun, virðingu, jákvæð og uppbyggileg samskipti og trú á getu þeirra og færni. Leikurinn er kjarni uppeldisstarfsins, náms- og þroskaleið barna. Í starfsaðferðum Reggio Emilia fá börn tækifæri til að þroska öll sín skilningarvit og tjáningarleiðir. Börn þurfa að fá svigrúm til rannsókna og tilrauna og í því samhengi er hvetjandi umhverfi mikilvægt sem þriðji kennarinn.

Samskipti barna og starfsfólks byggja á gagnkvæmri virðingu og samvinnu í náms- og rannsóknarverkefnum sem leiðir til aukinnar þekkingar og færni. Opnar spurningar eru mikið notaðar í starfi með börnunum, þær eru leið til að hvetja þau áfram til rannsókna, náms og vinnu í anda Reggio.

Unnið 2020-2021

Endurskoðun skólanámskrár og starfshátta til að tengja betur við starfsaðferðir Reggio fóru á bið vegna leikskólastjóraskipta. Skoðað var hvernig hægt væri að miðla upplýsingum um stefnu og markmið skólastarfsins til foreldra á skilvirkari hátt og haustið 2020 fengu allir foreldrar sendan upplýsingapakka með markmiðum og áherslum leikskólans í heild og náms- og þroskamarkmiðum deildar. Lokið var við handbók um snemmtæka íhlutun þar sem farið er yfir ýmsa ferla tengda mati á stöðu og framförum barna sem foreldrar hafa aðgang að á heimasíðu skólans.

Áherslur 2021-2022

Byrjað verður að endurskoða skólanámskrá Marbakka á skólaárinu. Fyrirhugað er að endurskoða hana yfir tvö starfsár og leggja áherslu á aðkomu allra starfsmanna við endurskoðunina. Byrjað verður á daglegu starfi, lýðræði í leikskólastarfinu og námstækifærum. Sérkennslustjóraskipti verða í Marbakka 1. október og þegar þessi

skýrsla er tekin saman er ekki búið að ráða í stöðuna. Fyrirhugað er að starfsmenn sem sinna stuðningi tilheyri deild sérkennslunnar en ekki þeim deildum sem stuðningsbörnin tilheyra.

Skólastarfið

Heilbrigði og vellíðan

Hollur og næringarríkur matur er einn af grunnþáttum vellíðunar barna. Frá 2018 var tekin sú ákvörðun að Leikskólar Kópavogs skulu fylgja matseðlum heilsustefnunnar. Útivera og vettvangsferðir í skóg og fjöru eru helstu leiðir að hreyfingu barna í leikskólanum en einnig eru yngstu deildir með áherslu á dans, bæði inni og úti. Staðsetning leikskólans gerir vettvangsferðir í náttúruna sérlega einfaldar í framkvæmd og sýnir mat barna á starfi leikskólans mikinn áhuga þeirra á vettvangsferðum.

Unnið 2020-2021

Áfram var unnið með þróun matstofu í sal. Þrír fundir voru haldnir með starfsfólki matstofu yfir skólaárið, þar af einn langur á skipulagsdegi, þar sem reynt var að meta jafnóðum breytingar og laga verklag. Einnig var leitað eftir rödd barna, fyrst um haustið þegar ábendingar þeirra skiluðu líflegra umhverfi í matstofu og svo um vorið í mati barna á matstofunni í heild. Ánægja barna með matstofu var mikil og þau upplifðu mikið sjálfræði í máltíðum. Helstu athugasemdir snéru að aðstöðu fyrir frágang. Áhugi var fyrir því að skoða möguleika á skipulögðum hreyfistundum, sérstaklega m.t.t. útsvæða við endurnýjun lóðar en henni var frestað enn um sinn.

Áherslur 2021-2022

Lögð verður áhersla á að heilsumatseðlum heilsustefnunnar verði betur fylgt, en á síðustu misserum, þá sér í lagi þegar kemur að morgunmat og síðdegiskaffi. Tekið verður fyrir þær veitingar sem börnin í Marbakka hafa fengið að koma með þegar þau eiga afmæli þar sem í heilsustefnunni er lögð áhersla á að í leikskólanum sé matur ekki tengdur afmælishaldi. Hreyfing í útiveru í fjölbreyttum leikjum með áherslu á lausan efnivið og vettvangsferðir til að styrkja úthald og styrk verður skoðuð á meðan lóðin er ekki endurnýjuð.

Sköpun og menning

Sköpun er stór þáttur í daglegu starfi leikskólans og er hún grundvallarstoð í stöðvavinnu og öllu hópastarfi allra deilda. Sköpunin tengist oft náttúruþema leikskólans þar sem fuglar, fiskar og fjöll eru endursköpuð í verkefnum barnanna. Samstarf við menningar- og fræðslustofnanir í Hamraborg er fastur liður í skólastarfinu og fara börnin reglulega í starf hjá Bókasafni Kópavogs, Gerðarsafni og Náttúrustofu enda allar þessar stofnanir í göngufæri við leikskólann. Að jafnaði er hópur frá leikskólanum staddur í vettvangsferð hjá þessum stofnunum í hverri viku yfir veturinn. Þemavika um fjölmenningu er árlegur viðburður í Marbakka.

Unnið 2020-2021

Þriggja ára samstarfsverkefni með menningarhúsunum í Kópavogi um verk norræna rithöfunda var breytt á árinu og snýr nú að grunnskólunum í stað leikskóla. Skólinn tók þátt í öðrum verkefnum svo sem um hreiður og hljóðfæri í Gerðarsafni/Salnum. Eftir því sem leið á starfsárið buðu fleiri og fleiri menningarstofnanir upp á streymi og var það nýtt t.d. frá Þjóðminjasafni og Sinfóníuhljómsveit Íslands. Heimsóknir á nærsöfn hófust um leið og það var í boði og mikil virkni á vorönn í Salinn og Gerðarsafn. Endurmat síðustu þemaviku sýndi þörf fyrir þróun þemavikunnar í átt að heimamennningarverkefni sem tengir fjölbreytileika allra barna við þemavikuna og fór hópur af stað með það verkefni. Niðurstaða hópsins var að meiri ígrundun þyrfti og hjá stærri hópi fyrir heimamennningarþemaviku og því var þemavikan tileinkuð stöðvavinnu um náttúruna inni og úti.

Áherslur 2021-2022

Tekin verður umræða um skapandi starf og menningu. Áfram verður leitað eftir samstarfsverkefnum við menningarstofnanir en jafnframt lögð áhersla á skapandi starf í leikskólanum. Þemavika í kringum fjölmenningu verður endurskoðuð og áfram unnið með heimamenningu barnanna.

[Sjálfbærni og vísindi](#)

Marbakki er vel staðsettur hvað snertir tækifæri til að nýta náttúruna sem uppsprettu þekkingar og býður fjölbreyttar leiðir til náms. Vettvangsferðir út í náttúruna, bæði skóg og fjöru, eru snar þáttur í starfsemi allra deilda, þar sem lífríkið er skoðað. Þöddum, laufblöðum og fleiri áhugaverðum hlutum er þar safnað í fötur og afrakstur mældur og skoðaður í smásjám þegar heim er komið. Flokkun úrgangs og endurnýttur efniviður er meginregla allra deilda og skipulag matstofu stuðlar að minni matarsóun. Starfsfólk saumar fjölnota poka sem börnin hanna sjálf fyrir föt sem þurfa að fara á milli heimilis og skóla til að lágmarka plastpokanotkun. Börnin fylgjast með vexti blóma og plantna, bæði í umhverfi leikskólans og með reglulegum

heimsóknnum í Grasagarð Reykjavíkur.

Unnið 2020-2021

Áfram var þátttaka í verkefnum eins og plokkunardegi og fræðslu Grasagarðsins. Vettvangsferðir til að skoða lífríkið voru áfram í forgrunni þar sem fastar vikulegar vettvangsferðir voru í skóginn og fjöruna. Kúlubrautir sem komu inn í leikskólann í gegnum Erasmus+ verkefni urðu fastur liður og var keypt stór kúlubraut fyrir gjöf frá foreldrafélagi skólans. Einnig hafa mismunandi stór papparör sem notuð voru í Erasmus verkefni fengið að vera áfram á kubbatorgi sem leikefni.

Rýnt var í ýmislegt í rekstri skólans útfrá umhverfispáttum svo sem þvottur, handþurrkunotkun og plastnotkun í kringum bleiutunnur. Keyptir voru tveir handblásarar á salerni barna til að minnka þvott á handþurrkum sem kom vel út og nú þvegnar um 2 vélar á dag í stað 3-4. Nokkrar tilraunir gerðar með ólíkar gerðir bleiutunna með misjöfnum árangri. Kennari í Marbakka tók þátt í verkefni um námsefni fyrir yngri börn um náttúru Kópavogs. Verkefnið er komið vel af stað, unnið að heimasíðu og bæklingi.

Áherslur 2021-2022

Tækifæri er til að minnka matarsóun enn frekar í Marbakka. Þátttaka barna við nýtingu og flokkun sorps verður aukin.

Læsi og samskipti

Marbakki vinnur með læsishvetjandi verkefnið Lubbi finnur málbein, áhersla er á lestur, bæði í skólanum í formlegum og óformlegum lestrarstundum og á lestur heima fyrir. Góð samvinna er við Bókasafn Kópavogs en þangað eru reglulegar heimsóknir barnahópa, safnið lánar bækur til skólans og heim til barnanna. Snemma er byrjað að vinna með vináttuna sem grunn að samskiptafærni barnanna og er Blær verkefni Barnaheilla virkt á öllum deildum. Svokallað „flakk“ þar sem börnin geta að eigin vilja farið um allan leikskólann og fundið sér féлага eða viðfangsefni er fastur liður. Á þeim stundum er allur skólinn opinn fyrir samskiptum og leik. Samverustundir þar sem starfsfólk og börn ræða um málefni sín eru fastur punktur í starfi allra deilda.

Unnið 2020-2021

Sérstakur starfsmaður fór á milli deilda og studdi við söngstundir á föstum tímum yfir vikuna. Einnig sá hann um sameiginlega söngstund í sal á föstudögum. Verkefnið mældist mjög vel fyrir. Lokið var við handbók um snemmtæka íhlutun/málproska en kynning tafðist vegna tæknilegra vandamála með heimasíðu og bíður hausts 2021. Skipulagsbreytingar á tveimur elstu deildum höfðu m.a. það markmið að stækka vinahóp barnanna með auknu flæði milli þeirra, bæði formlega með samvinnuverkefnum og óformlega með frjálsu flæði í leik. Fjöldmörg sameiginleg verkefni tengd sköpun og listum urðu til svo sem hristugerð og eldgosamyndir, vettvangsferðir voru sameiginlegar og almennt flæði milli deildanna jókst á árinu. Yngri deildir sem liggja að sal leikskólans stefndu að nýtingu hans í frjálsum leik þar sem börn gætu hitt börn af öðrum deildum í leik urðu að veruleika, meira flæði ríkir þar á milli, börn fara í heimsóknir, fá lánuð leikföng og fleira. Í kjölfar vinnu starfsmannahóps með samskiptasáttmála starfsfólks hófst verkefni í júní þar sem börn af öllum deildum komu að vinnu við sameiginlegar samskipta- og umgengnisreglur og verður unnið áfram með þau haustið 2021.

Áherslur 2021-2022

Á skólaárinu verður lögð áhersla á að efla lærdómssamfélag Marbakka. Aukinn tími settur í faglegar umræður sem snúa m.a. að því að skoða hlutverk starfsmanna, auka teymisvinnu í kringum starfið og tilgang með sameiginlegum verkefnum. Unnið að uppbyggingu heilbrigðra samskipta í gegnum faglegar umræður með hliðsjón af samskiptasáttmálanum sem starfsmenn gerðu með sér í lok síðasta skólaárs. Samskiptasáttmáli barna og áframhaldandi skoðun á lausnarhringnum verður tekin til umfjöllunar og næstu skref ákveðin í framhaldi af því.

Dagskipulag

Eins og áður segir opnar leikskólinn kl. 7:30. Morgunmatur er frá kl. 8:30-9 þar sem þrjár elstu deildir borða í matstofu en tvær yngri á sínum deildum. Við tekur starf á deildum fram að hádegismat sem hefst kl. 11:15 á yngstu deild en 11:30 hjá börnum á öðrum deildum. Allar deildir bjóða upp á hvíldarstund að loknum hádegismat; á eldri deildum sofna börn oftast ekki en hlusta á leikrit eða sögu fram til kl. 13. Síðdegiskaffi hefst 14:30 og lýkur leikskóladeginum kl. 16:30. Útivera er að lágmarki einu sinni á dag en flestar deildir reyna að fara tvisvar. Það fer þó eftir veðráttu. Hver deild fyrir sig vinnur svo nákvæmara dagskipulag með liðum eins og vali, hópastarfi og samverustundum.

Menningarviðburðir, hefðir og hátíðir

Börn í leikskólanum sækja bæði menningarviðburði utan skólans og fá til sín viðburði reglulega yfir skólaárið. Dæmi um viðburði eru tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands, sýningar Brúðubílsins og yfirleitt allt sem leikskólanum er boðið í eða kemst á snoðir um að sé í boði. Foreldrafélagið er einnig duglegt að útvega menningarviðburði fyrir börnin í leikskólanum, oftast 2 sýningar yfir skólaárið.

Hefðir og hátíðir í leikskólanum sjálfum eru til dæmis:

- **Jólin;** skapandi starf, jólasöngvar, jólaball á vegum foreldrafélags
- **Porri;** undirbúningur á deildum, gerð þorrahatta og þorrablót á bóndadag með aðkomu eldri borgara í söng og samveru.
- **Páskar;** áhersla á skapandi starf tengt páskum og vori; páskaeggjaleit á vegum foreldrafélags
- **Hjóladaður**
- **Öskudagur;** sameiginlegur öskudagsdansleikur hjá eldri og yngri börnum, köttur sleginn úr tunnu á hverri deild.
- **Pemavika;** Heimamenning þar sem hver deild vinnur með fjölbreytileika á sinn hátt
- **Foreldrakaffi/gestadaður;** foreldrum eða öðrum úr fjölskyldu barns er boðið að koma í morgunmat með börnum sínum.
- **Vináttuganga;** samstarf við grunnskóla þar sem nemendur grunnskóla og leikskóla ganga saman.
- **Útskrift elstu barna;** hátíðleg stund þar sem börn og fjölskyldur fagna áfanganum, haldið í Borgum.
- **Útskriftaferð elstu barna;** dagsferð með starfsfólki deildar, náttúru- og menningarferð ásamt því sem snætt er á veitingastað.
- **Vasaljósadaður;** börn mæta með vasaljós að heiman og unnin eru verkefni um ljós og skugga.
- **Dagur leikskólans;**
- **Náttfata-og bangsadaður;** haldinn á alþjóðlegum bangsadeigi þar sem börnin koma með bangsa að heiman og í náttfötum ef þau vilja.
- **Afmæli leikskólans;** opið hús þar sem börn geta sýnt verkefni sín og námsumhverfi
- **Sumarhátíð foreldrafélagsins;** börn, foreldrar og starfsfólk ganga í skruðgöngu um hverfið með lúðrasveit, skemmtiatriði í garði og grillað.

Unnið 2020-2021 Endurskoða þurfti ýmsa viðburði vegna takmarkana á utanaðkomandi í leikskólann. Kennarar voru vakandi yfir því að skoða rafrænt

framboð á menningarviðburðum og hvernig hægt væri að njóta þeirra í skólastarfinu. Skref voru tekin í aðkomu barna að skipulagi viðburða og leitað til þeirra um hugmyndir t.d. að öskudegi, degi leikskólans og bangsadegi.

Áherslur 2021-2022

Vonast er til að skólaárið verði laust að mestu við hömlur vegna covid og hefðir og hátíðir taki á sig það form sem var fyrir covid.

Kynning á leikskólanum

Á heimasíðu leikskólans má finna upplýsingar um starf hans, fréttir, viðburði og annað sem tilheyrir starfinu. Reynt er að uppfæra reglulega helstu þætti eins og viðburði og matseðil. Auk þess fá foreldrar reglulega tölvupósta með upplýsingum frá deildum og leikskólastjórum. Vala er samskiptaforrit fyrir foreldra og starfsfólk.

Unnið 2020-2021 Innleiðing upplýsingastefnu er megin verkefnið á þessu starfsári. Vala hefur reynst þung í vöfum hvað miðlun mynda snertir og því varð lítil þróun þar. Myndir hafa verið sendar með tölvupósti og með fréttabréfum til að koma til móts við óskir foreldra. Stofnuð var almenn facebook síða skólans til að koma á framfæri upplýsingum og áhugaverðum fréttum. Beint streymi af viðburðum þar hefur mælst vel fyrir en áfram þarf að leita leiða til að miðla myndum úr starfinu á betri hátt. Kynningarfundir fyrir nýja foreldra héldu sér þrátt fyrir sóttvarnarráðstafanir en haustfundir fyrir foreldra voru með öðru sniði þar sem foreldrar fengu sendan upplýsingapakka með markmiðum og áherslum leikskólans í heild og náms- og þroskamarkmiðum deildar.

Áherslur 2021-2022

Byrjað verður á að endurskoða þær upplýsingar sem eru á heimasíðunni þar sem þar er að finna úreldar upplýsingar og starfi lýst sem við getum ekki staðið við. Unnið verður að því að móta verklag í kringum upplýsingarmiðlun til foreldra og skoða í hvaða formi og hvernig þær upplýsingar eru. Nýjar reglur persónuverndar kalla á breytt verklag og vanda þarf hvar upplýsingar liggja á veraldarvefnum með tilliti til eignarhalds.

Foreldrasamstarf

Stefna og áherslur

Áhersla er lögð á góð dagleg samskipti við foreldra og gott upplýsingastreymi en það eru mikilvægir þættir til að stuðla að jákvæðu og traustu sambandi milli foreldra og leikskóla. Foreldraviðtöl eru tekin við nýja foreldra í upphafi skólagöngu barna þeirra, síðan er eitt viðtal að jafnaði á ári og fleiri ef þurfa þykir. Foreldrar eru hvattir til að vera í sambandi við deildarstjóra eða stjórnendur skólans hvenær sem upplýsingar skortir eða koma á framfæri hugmyndum sínum.

Foreldraráð

Samkvæmt lögum um leikskóla er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskólans og leikskólanefndar um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi. Foreldraráð er skipað þremur foreldrum ásamt leikskólastjóra. Starfsreglur og fundargerðir foreldraráðsins eru birtar á heimasíðu leikskólans.

Foreldrafélag

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann sem fundar reglulega um málefni sín. Markmið foreldrafélagsins eru:

- ✓ Efla samvinnu foreldra og starfsfólks skólans
- ✓ Efla samvinnu foreldra innbyrðis og tryggja hagsmuni barnanna
- ✓ Taka þátt í ýmis konar starfsemi leikskólans og viðburðum
- ✓ Hvetja foreldra til að taka virkan þátt í starfsemi leikskólans

Einn kennari starfar með foreldrafélaginu og situr fundi þess. Aðalfundur foreldrafélagsins er haldinn að hausti.

Fræðsla og upplýsingar til foreldra

Aðalupplýsingaleiðir leikskólans eru í gegnum Völu, heimasíðu skólans, auk þess sem hver deild hefur læstan hóp á samfélagsmiðlinum Facebook þar sem hægt er að miðla ákveðnum upplýsingum.

Foreldrar eru sjálfsagðir þátttakendur í leikskólastarfinu enda eru þeir og starfsfólk leikskólans samstarfsaðilar um velferð barnanna. Sérstakir viðburðir eru miðaðir að því að fá foreldra í leikskólann og taka þátt í daglegu starfi eða sjá afrakstur verkefna eins og sjá má í kafla um hátíðir og hefðir í leikskólanum hér að framan.

Unnið 2020-2021

Unnið var samkvæmt persónustefnu skólans hvað snerti myndatökur og miðlun mynda. Umbótaverkefni um skilvirkari miðlun upplýsinga um markmið skólastarfsins og mat á stöðu og framförum barna fór hægt af en þó var sendur ítarlegur haustpóstur um markmið skólans og deilda. Ekki reyndust forsendur fyrir föstum fundum foreldraráðs. Reynt var að koma til móts við samkomutakmarkanir með því að senda beint frá nokkrum viðburðum á facebook síðu skólans, svo sem fagnaðarfundir, öskudegi og afmæli leikskólans. Einnig bökuðu börnin kanilsnúða vegna foreldrakaffis sem þau tóku með heim fyrir heimakaffi og svipað kerfi var á piparkökubakstri.

Áherslur 2021-2022

Vonir standa til að foreldrafundir og foreldrasamstarf geti farið fram án sóttvarnatakmarkanna. Lögð verður áhersla á að samráð við foreldraráð sér í lagi í kringum áætlanagerð, áherslubreytingar og mat á skólastarfi. Stefnt er á áframhaldandi gott samstarf við foreldrafélagið og stuðningur veittur við þær viðbætur við leikskólastarfið sem það leggur til í formi hátíða og uppákoma.

Starfsfólk

Starfsmannastefna

Í Marbakka er leitast við að skapa góð samskipti byggð á virðingu, jafnrétti og heiðarleika. Lögð er áhersla á að starfsmenn leikskólans vinni sem ein heild. Að öðru leyti er unnið samkvæmt starfsmannastefnu Kópavogsbæjar, kjarasamningum og viðeigandi lögum og reglugerðum sem snúa að starfsfólki og starfsumhverfi. Í kaflanum er átt við leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra, deildarstjóra og sérkennslustjóra þegar vísað er til *stjórnendateymis*.

Áherslur í samstarfi

Lögð er áhersla á að taka vel á móti nýjum starfsmönnum samkvæmt móttökuáætlun. Þeir fá upplýsingar bæði í gegn um lesefni og í formi viðtala við leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og deildarstjóra. Sí- og endurmenntun er í boði í ýmsu formi, bæði innan skólans og utan. Starfsmannasamtöl eru einu sinni á ári eða oftari ef þörf þykir. Deildarstjórar hafa með sér jafningjahandleiðslu hálfsmánaðarlega.

Fundir

Stjórnendateymi fundar hálfsmánaðarlega og er fundargerð sýnileg öllu starfsfólki. Deildarstjórar hittast á handleiðslufundum hálfsmánaðarlega. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri deila skrifstofu og eiga samráð eftir þörfum, sama á við um samráð við sérkennslustjóra. Deildarfundir eru haldnir reglulega, bæði á skipulagsdögum og eftir þörfum þess á milli. Starfsmannafundir eru áætlaðir tvisvar á ári. Auk þessa eru stuttir morgunfundir stjórnendateymis haldnir að minnsta kosti tvisvar í viku.

Skipulagsdagar

Skipulagsdagar eru nýttir til að efla fagþekkingu starfsfólks, innleiða breytingar, meta starfið og vinna á deildum, t.d. að undirbúningi starfs og mati. Skipulagsdagar verða 5 á starfsárinu 24. september, 18. nóvember, 3. janúar, 16. mars og 14. maí.

Símenntunaráætlun

Árlega er gerð símenntunaráætlun þar sem meðal annars er stuðst við niðurstöður úr starfsmannasamtölum en einnig tekur símenntunaráætlun mið af áherslum

leikskólans, sveitarfélagsins og aðalnámskrár. Starfsfólk er hvatt til þess að sækja námskeið en auk þess kemur fræðsla á skipulagsdögum inn í símenntun starfsfólks.

Samsetning starfsmannahópsins

Stöðugildi í leikskólum eru reiknuð út frá aldri og dvalartíma barna auk fastra stöðugilda stjórnenda, sérkennslustjóra, eldhússtarfsfólks og vegna stuðnings við börn af erlendum uppruna. Heildarfjöldi stöðugilda í Marbakka eru um 29. Stöðugildi vegna sérkennslu í 1 og 2 flokki eru þegar skýrslan er gerð 1,2. Að leikskólastjórnendum meðtöldum starfa 14 leikskólakennarar í Marbakka. Tveir starfsmenn eru í meistaranámi í leikskólakennarafræðum og tveir starfsmenn leikskólans er í grunnnámi leikskólakennara.

Unnið 2020-2021 Drög að símenntunaráætlun lá fyrir og tekið mið af henni við dagskrá skipulagsdaga þar sem m.a. boðið var upp á fræðslu um krefjandi hegðun barna, málörvun, samskipti á vinnustað auk þess sem fræðsla um starfsaðferðir Reggio fór fram í litlum hópum undir leiðsögn leikskólastjóra og fræðsla um skjalavistun, myndvinnslu og fleira tölvutengt fór fram undir leiðsögn aðstoðarleikskólastjóra. Út kom bæklingur um starf í anda Reggio Emilia og vinnulag fyrir skólann. Auk þess voru stuttir fræðslufundir um starfsaðferðirnar fyrir nýja starfsmenn á sal leikskólans. Endurskoðun skólanámskrár og starfsaðferða leikskólans beið betri tíma vegna leikskólastjóraskipta. Ekki reyndist unnt að fjölga starfsmannafundum að sinni.

Áherslur 2021-2022 Lögð verður áhersla á eflingu lærdómssamfélagsins og styrkingu starfsmannahópsins í kringum starfsaðferðir. Símenntunaráætlun og matsáætlun mun vera unnin samhliða þessari starfsáætlun til að auðvelda samhengi og samfellu í fræðslu og mati.

Börn

Fjöldi barna, aðlögun, flutningur milli deilda og útskrift

Í Marbakka eru áætluð 98 börn á 5 deildum. Að loknu sumarleyfi flyst hluti barna milli deilda og að því loknu hefst aðlögun. Ný börn eru tekin inn í skólann með aðferðum þátttökuaðlögunar þar sem foreldrar dvelja með barninu í leikskólanum

fyrstu dagana og sjá um umönnun þeirra. Með því gefst líka gott tækifæri fyrir starfsfólk og fjölskyldu til að kynnast og byggja upp gagnkvæmt traust sem eykur öryggi barnanna á nýjum stað og auðveldar samskipti þegar líður á leikskólagönguna. Í Marbakka koma foreldrar nýrra barna til samtals við deildarstjóra áður en leikskólaganga barnsins hefst. Það er mikilvægt að fá upplýsingar frá foreldrum um barnið og aðstæður þess og hlusta á þeirra væntingar um leikskólastarfið. Tvítýngd börn fylgja að mestu leyti almennri móttökuáætlun nýrra barna en þó eru sérstakar spurningar um málumhverfi þeirra í spurningalistanum sem foreldrar fylla út fyrir fyrsta viðtal. Foreldrar sem tala ekki íslensku eiga alltaf rétt á að fá þjónustu túlka í foreldraviðtölum. Elstu börnin útskrifast með athöfn í lok maí og fara auk þess í dagsferð með sínum kennurum til að fagna áfanganum.

Stuðningur við börn

Í Marbakka er 50% staða sérkennslustjóra. Hlutverk sérkennslustjóra er að hafa heildarsýn á skipulagningu og framkvæmd sérkennslu, veita starfsfólki og foreldrum ráðgjöf og vera tengiliður við stofnanir sem sinna greiningu og ráðgjöf vegna barna sem þurfa sérstakan stuðning. Hljóm-2 er lagt fyrir elstu börn og Efi-2 fyrir 3,5 ára börn. Sérstakir málörvunarhópar eru starfandi á eldri deildum en málörvun yngri barna fer oftast fram einstaklingslega. Málörvun er sinnt af kennurum og starfsfólki skólans, bæði á deildum og í sérkennsluherbergi skólans.

Unnið 2020-2021 Tveir starfsmenn fengu réttindi haustið 2020 til að nota Efi-2 skimunina og í hana fóru 3,5 árs börn á starfsárinu. Handbók um snemmtæka íhlutun var lokið á starfsárinu í tengslum við lok þróunarverkefni þar um.

Áætlun 2021-2022 1. október mun sérkennslustjórinn sem hefur verið hér í Marbakka til fjölda ára láta af störfum. Nýr sérkennslustjóri hefur ekki verið ráðinn þegar þessi skýrsla er tekin saman en nýjum sérkennslustjóra verður gefið svigrúm til að hafa áhrif. Ný handbók í snemmtækri íhlutun verður endurskoðuð og settir í hana þeir ferlar sem Marbakki vinnur eftir þegar upp kemur grunnum um frávík í þroska og eða námi barna.

Samstarf

Við grunnskóla

Marbakki á í formlegu samstarf við grunnskólann í hverfinu, Kársnesskóla. Samstarfið hefst með skipulagsfundi í upphafi hvers skólaárs. Kennarar fyrstu

bekkinga, yfirmaður dægradvalar og kennarar elstu barna leikskólans hittast og skipuleggja heimsóknir. Elstu börn leikskólanna fara í heimsóknir í fyrstu bekkina og einnig koma börn úr fyrstu bekkjum Kársnesskóla í heimsókn í Marbakka. Börn úr fjórða bekk Kársnesskóla koma í heimsókn og lesa og eða leika í málörvandi leikjum með börnunum í Marbakka. Marbakki tekur þátt í vináttuverkefni skóla í Kópavogi þar sem unglingar úr 10. bekk koma og fylgja börnunum í Vináttugöngu skólana.

Við aðra

Leikskólinn á í samstarfi við hina ýmsu aðila eins og fram hefur komið svo sem leikskólafulltrúa, leikskólaráðgjafa, sérkennslufulltrúa, sérkennsluráðgjafa, sálfræðinga, talmeinafræðinga, iðjuþjálfar, sjúkraþjálfar, Velferðasvið Kópavogs, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, skólastofnanir og menningarstofnanir í hverfinu. Mjög virkt samstarf er við söfnin í nágrenni leikskólans og ráðgert er að halda því áfram.

Unnið 2020-2021 Samstarf við Kársnesskóla var með hefðbundnum hætti á skólaárinu að mestu leyti en samkomutakmarkanir settu þó mark sitt á heimsóknir. Eftir því sem leið á starfsárið buðu fleiri og fleiri menningarstofnanir upp á streymi og var það nýtt t.d. frá Þjóðminjasafni, Sinfóníuhljómsveit Íslands. Heimsóknir á nærsöfn hófust um leið og það var í boði og mikil virkni á vorönn í Salinn og Gerðarsafn. Hugmyndir um að styrkja tækjakost til að auðvelda nýtingu á streymi viðburða, s.s. með föstum skjá í sal. Fundir með sérfræðingum og stofnunum færðust margir yfir í rafrænt umhverfi og því fór fram töluverð leiðbeining til að starfsfólk gæti sinnt þessu verkefni auk þess sem ein fartölva til viðbótar kom frá Kópavogsbæ.

Áætlun 2021-2022 Áfram verður unnið í samstarfi við Kársnesskóla og nú vonast eftir að samkomutakmarkani verði úr sögunni þetta skólaárið. Reynsla sem varð til í kringum atburði sem var streymt vegna covid verður nýtt ef það hentar en lögð áhersla á að færa samstarf við stofnanir í form heimsókna og upplifa bein samskipti við samstarfsaðila.

Öryggismál

Öryggisnefnd

Í öryggisnefnd starfa öryggistrúnaðarmaður og öryggisvörður; leikskólastjóri og starfsmaður leikskóla. Öryggisnefnd tekur við ábendingum um úrbætur frá starfsfólki og bregst við. Öryggisnefnd fundar tvisvar á ári og fer yfir öryggismál vegna vinnuumhverfis.

Áfallaráð

Í áfallaráði er leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri og deildastjórar leikskólans.

Innra eftirlit

Leiksvæði barna á lóð er skoðað á hverjum morgni og skiptast deildir á um það verkefni viku í senn. Sérstök öryggismappa fylgir því verkefni til að skrá frávik. Elstu börnin taka þátt í mánaðarlegu eldvarnaeftirliti. Brunaæfing er haldin í maí til að starfsfólk æfist í brunaáætlun leikskólans. Ýmsir eftirlitsaðilar koma reglubundið svo sem heilbrigðiseftirlit, eftirlitsmaður lóða og Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins. Öryggisfyrirtæki kemur einnig reglulega til að skoða ástand viðbragðskerfa í leikskólanum.

Slys

Ef óhöpp, slys eða veikindi koma upp þá er haft samband við foreldra eins fljótt og auðið er til að láta vita. Í kjölfarið er svo útbúin slysaskráning, nýbreytni er að öll slys eru skráð í *Atvik* á innri vef Kópavogsbæjar. Á hverri deild er öryggismappa með upplýsingum um hvert barn ásamt símanúmerum foreldra og annarra.

Unnið 2020-2021

1. **Fara þarf yfir skipan öryggisnefndar og tryggja fundartíma hennar.** Fundaði með Mæju og við undirbjuggum heimsókn Vinnueftirlits, allar áætlanir uppfærðar og vistaðar á sama stað.
2. **Einnig þarf að tryggja að allt starfsfólk þekki viðbragðsáætlanir leikskólans.** Ekki gert, umbótaverkefni?

Áætlun 2021-2022

1. Aftur verður farið yfir skipan öryggisnefndar og hlutverk. Skerpa sérstaklega á ferlum í kringum einelti og ofbeldi.
2. Farið verður yfir viðbragðsáætlanir, slysavarnir og ferla í kringum slys. Slysavarnarnámskeið verður í október þar sem farið verður líka yfir ferla í kringum slys.

Innra mat

Matsaðferðir

Áherslur í mati á starfsemi leikskólans Marbakka eru á stöðu, framfarir og líðan barna; markmið og stefnu skólans; stjórnun og vellíðan starfsfólks og viðhorf foreldra. Matsteymi skólans leggur fram matsáætlun sem borin er undir stjórnendur og starfsfólk en þar eru skilgreindir þættir sem meta skal á hverju skólaári og þætti sem skoðast sjaldnar. Umbótaáætlun byggir á niðurstöðu mats og er árangur umbóta metinn formlega og sem hluti af innra mati skólans. Gagna er aflað á fjölbreyttan hátt frá öllum þeim hópum sem koma að skólastarfinu, börnum, foreldrum og starfsfólki. Viðhorfskannanir, skimanir, ferilmöppur, sjálfsmat deilda, samræmd matsblöð leikskóla Kópavogs um námssvið leikskólans og markvissar umræður starfsfólks um starfið eru dæmi um þau gögn sem notuð eru við gerð mats- og umbótaáætlana. Innra mat í Marbakka er umbótamiðað og eru niðurstöður þess opinberar.

Unnið 2020-2021 Um áramót var gerður listi yfir þau gögn sem þurfa að vera til staðar í matinu samkvæmt gildandi matsáætlun og hvenær ætti að afla þeirra:

Matsþættir 2020-2021 - áætlun um gögn		
Stjórnun		
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	x	Vísbendingar fari í innanhússkönnun auk þess metur matsteymi ákveðnar vísbendingar (apríl 2021)
Stjórnun skólans og daglegur rekstur	x	
Faglegt samstarf	x	
Leikskólaþróun og símenntun	x	
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklag	x	
Uppeldis- og menntastarf		
Skipulag náms og námsaðstæður	x	Búa til umræðupunkta fyrir rýnihópa starfsfólks (júní 2021) upp úr vísbendingum, aðrar fari í könnun.
Uppeldi, menntun og starfshættir	x	
Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka	x	
Námssvið leikskólans	x	
Mat á námi og velferð barna	x	Matsteymi og sérkennslustjóri
Leikskólabragur		
Viðmót og menning	x	Innanhússkönnun
Velferð og líðan barna	x	Rödd barna / rýnihópar (maí 2021)
Þátttaka foreldra í leikskólastarfi	x	Foreldrakönnun og viðtal við tengilið foreldrafélags (mars 2021)
Viðhorf foreldra	x	
Innra mat		
Skipulag og viðfangsefni	x	Skýrsla kemur frá ytra matsteymi (mars 2021)
Gagnaöflun og vinnubrögð	x	
Opinber birting og umræður	x	

Matsgögn sem unnin/fengin voru á skólaárinu:

- Hljóm2 lagt fyrir að hausti 2020.
- Mat 4 og 5 ára barna á ákveðnum þáttum í starfi leikskólans (matstofa, kennarastýrðar stundir, lóðin og vettvangsferðir) sem gert var í maí 2021.
- Stutt starfsmannakönnun lögð fyrir í maí 2021.
- Rýnihópur starfsfólks um uppeldis- og menntastarf í júní 2021.
- Matsfundur sérkennslustjóra og matsteymis um stöðu sérkennslu og mats á námi barna haldinn í júní 2021.
- Matsblöð leikskóladeildar Kópavogs um sjálfbærni og vísindi fyllt út í maí 2021.
- Foreldrakönnun skólapúlsins í mars 2021.
- Skýrsla ytra matsteymis um stöðu innra mats frá mars 2021.

Ekki tókst að mynda matsteymi með fulltrúum foreldra þetta skólaár en matsteymi var þó kynnt fyrir fulltrúum í foreldraráði á fundi í janúar 2021 og leist þeim ágætlega á þetta verkefni. Börn voru ekki kölluð inn á matsfund en fengu kynningu á niðurstöðum úr eigin mati og hvernig unnið væri með ábendingar þeirra. Megin þungi vinnunnar var á matsteyminu sem safnaði gögnunum saman og greindi þau annars vegar í styrkleika leikskólastarfsins og tækifæri til umbóta.

Niðurstöður innra mats 2020-2021 – samantekt

Styrkleikar:

Stefna leikskólans er skýr og aðgengileg í skólanámskrá (þó komið sé að endurnýjun). Verklag, svo sem um ráðningu starfsfólks, öryggismál, starfsáætlun og umbótaáætlun liggur fyrir og er unnið eftir. Umbótaáætlun byggir á stefnu skólans og innra mati á starfinu og er skipulega fram sett. Áætlun um upphaf leikskólagöngu er nýlega endurskoðuð og unnið eftir, einnig virkt samstarf við grunnskóla vegna eldri barna. Starfsfólk er ánægt með þá vinnu sem farið var í með jákvæð samskipti í vetur.

Starfsfólk er ánægt með vettvangsferðir, samstarf við menningarstofnanir og listastarf í skólanum. Einnig kom vel út samstarf skólans við sérfræðiþjónustu og hvernig stuðningur við börn er veittur í daglegu starfi og leik. Í starfinu er virk hlustun á börn og virðing í samtölum við þau. Börnin eru glöð og áhugasöm, það er gefið gott rými fyrir sjálfsprottinn leik og börnin hafa frelsi til að skipta um viðfangsefni þegar hugur þeirra stendur til annars. Börnin voru ánægð með málörvunarhópa og ýmsa vinnu sem unnin er í smærri hópum í skólanum, einnig með vettvangsferðir í náttúru umhverfis skólann og skipulag í matstofu. Sterkt

foreldrafélag sem er virkt í starfi skólans og foreldrar taka virkan þátt í viðburðum. Einnig þykir vel staðið að túlkaþjónustu vegna foreldraviðtala

Tækifæri til umbóta:

Uppfæra þarf skólanámskrá og bæta inn þáttum sem ekki eru til staðar skv. gátlista um skólanámskrá. Skoða betur aðkomu foreldra að matsteymi og áherslum í endurmati skólans. Stjórnendateymi þarf að skoða upplýsingamiðlun sín á milli, taka reglulega starfsmannasamtöl og skoða verklag við móttöku nýrra starfsmanna. Fræðsla um öryggismál, slysavarnir og barnaverndarstarf er komin á tíma. Áfram þarf að vinna að góðum starfsanda og innleiða samskiptasáttmála sem unninn hefur verið. Auka meðvitund um styrkleika starfsfólks sem gætu notið sín í leikskólastarfinu.

Leita þarf leiða til að fá fram hugmyndir allra barna um leikskólastarfið og þá sérstaklega þeirra barna sem ekki enn hafa öðlast næga færni í tungumálinu. Skoða þarf efnivið og umhverfi deilda m.t.t. að það endurspegli fjölbreytt samfélag. Vísindi mega vera sterkari þáttur í leikskólastarfinu. Endurskoða matseðil skólans og fæðuval fyrir börnin nú þegar skipulag matstofu hefur fest sig í sessi. Börnin óska eftir því að oftast verði vatn sem leikefni á útisvæðum, þau fái meira pláss í samverustundum og söngstundum fyrir eigið framlag og oftast verði farið í fjöruna í vettvangsferðum. Einnig skoða samstarf við listasöfn um hvers konar miðlun henti fyrir þennan aldur. Áhugi er á að gera fleiri og markvissari skráningar á leikskólastarfinu þannig að þær nýtist betur sem skráning á framförum allra barna, til þess þarf fræðslu og tíma.

Foreldraráð þarf að funda reglulega og birta fundargerðir sínar á heimasíðu skólans. Áfram þarf að finna leiðir til að miðla upplýsingum um leikskólastarfið til foreldra samkvæmt persónuverndarstefnu skólans. Skoða þyrfti nánar óánægju foreldra með ýmsa innri þætti skólastarfsins sem birtust í foreldrakönnun, t.d. hvað snertir upplýsingar um þroska- og námsferil og stuðning vegna hegðunar eða sérþarfa.

Mat á umbótaáætlun 2020-2021

Fjöldmargir umbótaþættir voru settir fram í starfsáætlun 2020-2021 og var markvisst unnið að flestum þeirra á starfsárinu. Í yfirlitinu hér fyrir neðan má sjá árangur umbótastarfsins í stuttu máli.

Viðfangsefni/markmið	Viðmið um árangur	Niðurstaða
Leggja fyrir Efi-2 skimun fyrir viðeigandi aldur	Öll börn fá niðurstöðu og unnið með hana	Öll börn fóru í skimun, niðurstaða grunnur að íhlutun þar sem við átti.
Tónlistarstundir bjóðist á öllum deildum	Tónlistarstundir í dagskipulagi	Allar deildir fengu fasta tíma tvisvar í viku með tónlistarstjóra
Hindranir í þátttöku í símenntun	Símenntunaráætlun	Drög að gerð haust 2020, unnið með marga þætti á skipulagsdögum eða minni hópum
Börn búi til samskiptareglur	Reglur útgefnar.	Verkefni hafið en ekki lokið
Börn hafi raunveruleg áhrif á skipulag leikskólastarfsins	Breytingar sem rekja má til innleggs barna	Ráðgjafahópur vegna viðburða og matseðils urðu virkir.
Börn komi að mati á leikskólastarfinu	Börn sitji matsfundum, matsgögn liggja fyrir	Matsfundir barna haldnir, gögn frá þeim sýnileg og niðurstaða notuð í greiningu matsteymis.
Hljóðvist í húsnæði	Starfsfólk meti hljóðvist betri en áður.	Motta keypt á kubbatorg, tilraun með plastdúka, reynt að nýta óhefðbundin rými fyrir litla hópa.
Starfsmannasamtöl regluleg yfir árið	Allt starfsfólk fái samtöl	Allir fengu örsamtal að hausti 2020
Fræðsla um hvernig takast á við erfiða/krefjandi hegðun barna	Sjáist í dagskrá skipulagsdaga	Fyrirlestur haldinn á vegum skólaþjónustu Kópavogs á skipulagsdegi 17. mars.
Meðvitund foreldra um markmið leikskólastarfsins og mat á framförum barna; miðlun slíkra upplýsinga	Endurtekning á könnun foreldra	Foreldrar fengu fræðslupóst haustið 2020 um markmið skóla og deilda og aftur fyrir foreldraviðtöl í febrúar. Könnun til foreldra 2021 sýndi þó að 2% færri töldu sig þekkja markmið leikskólastarfsins.
Vinnuaðstaða starfsfólks, meira næði Starfsmannafundir verði fleiri	Stundatöflur liggja fyrir. Tillögur um fjölda	Stundatafla var gerð haustið 2021. Umræða fór af stað en ekki fjölgun funda.
Vinna að jákvæðum og styðjandi starfsanda, upplifun á mikilvægi starfs	Könnun til starfsfólks	Fyrirlestrar og vinnustofur um jákvæða sálfræði haldnar á skipulagsdögum. Samskiptasáttmáli starfsfólks gefinn út í júní 2021. Könnun starfsfólks gaf vísbendingar um jákvæða þróun.
Fækka skiptum sem börn flytjast milli deilda	Kostir/gallar greining	Margt jákvætt og mun skipulagið halda áfram. Þó minna um tilfærslu starfsfólks en lagt var upp með.
Markvissara mat á framförum barna.	Fjölbreyttari matsform	Fór ekki af stað.
Efla málþroska og læsi	Sjálfsmat deilda-gæðaviðmið	Umbótaskipulag fór af stað. Handbók um snemmtæka íhlutun með áherslu á málþroska gefin út, kynnt á starfsdegi. Sérstakur kennari með ábyrgð á málörvunarhópum eldri deilda.
Vinna markvisst með heimamenningu	Nýjar áherslur í þemaviku	Breytt – ákveðið að tengja þemaviku náttúru.
Efla skráningar og nýtingu þeirra með fræðslu til starfsfólks	Sjálfsmat deilda, skráningar sýnilegri	Umbótaskipulag stofnaður, leikskólastjóri með fræðslu fyrir nýtt starfsfólk um skráningar, fræðslukvöld í janúar um listnám og skráningar.
Tengja saman neðra og efra hús með nýtingu húsnæðis og verkefnum.	Allar deildir geti sagt frá samstarfi	Málörvunarhópar af neðri deildum nýttu rými á þeim efri. Flæði haldið oftar.
Miðlun ljósmynda til foreldra í gegnum Völu	Ánægja starfsfólks og foreldrakönnun	Fór af stað en myndaumhverfi í Völu studdi ekki við. Óánægja marktæk í foreldrakönnun.

Matsáætlun næstu fjögurra ára

Matsteymi Marbakka hefur lagt til að nýta þætti úr gæðaviðmiðum um leikskólastarf sem áður var vísað til, sem grunn að matsáætlun til næstu fjögurra ára. Forgangsröðun í matsáætlun er ákvörðuð í matsteymi en borin undir stjórnendateymi til athugasemda. Sumir þættir eru metnir árlega en aðrir sjaldnar.

Matsþættir	2021- 2022	2022- 2023	2023- 2024	2024- 2025
Stjórnun				
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi		x		x
Stjórnun skólans og daglegur rekstur		x		x
Faglegt samstarf	x		x	x
Leikskólaþróun og símenntun		x		x
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	x	x	x	x
Uppeldis- og menntastarf				
Skipulag náms og námsaðstæður	x	x	x	x
Uppeldi, menntun og starfshættir	x	x	x	x
Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka		x		x
Námssvið leikskólans	x	x	x	x
Leikskóli margbreytileikans	x		x	
Mat á námi og velferð barna	x	x	x	x
Mannauður				
Hlutverk leikskólakennara	x		x	
Fagmennska starfsfólks	x		x	
Starfsánægja	x		x	
Leikskólabragur				
Viðmót og menning		x		x
Velferð og líðan barna	x	x	x	x
Þátttaka foreldra í leikskólastarfi		x		x
Viðhorf foreldra		x		x
Innra mat				
Skipulag og viðfangsefni	x		x	
Gagnaöflun og vinnubrögð	x		x	
Opinber birting og umræður	x		x	

Matsþættir 2021-2022 - áætlun um gögn	
Stjórnun	
Faglegt samstarf	
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	
Uppeldis- og menntastarf	
Skipulag náms og námsaðstæður	
Uppeldi, menntun og starfshættir	
Námssvið leikskólans	
Leikskóli margbreytileikans	
Mat á námi og velferð barna	
Mannauður	
Hlutverk leikskólakennara	
Fagmennska starfsfólks	
Starfsánægja	
Leikskólabragur	
Velferð og líðan barna	
Innra mat	
Skipulag og viðfangsefni	
Gagnaöflun og vinnubrögð	
Opinber birting og umræður	

- Á skólaárinu verður eftir fjóra mánuði í starfi stutt könnun lögð fyrir nýja starfsmenn.
- Í janúar/febrúar verða starfsmannasamtöl við alla starfsmenn og þættir úr þeim viðtölum nýttir til endurmats m.a. varðandi upplýsingastreymi.
- Í mars verður viðhorfskönnun meðal starfsmanna gerð af Skólapúlsinum.
- Í maí verður viðhorfskönnun meðal elstu barnanna þar sem spurt er m.a. hverju þau ráða í leikskólanum og þátttöku þeirra í minni matarsóun og flokkun sorps.
- Í maí verður viðhorfskönnun meðal starfsmanna þar sem spurt verður út í: Samstarf, samskipti og þekkingu á lærdómssamfélagi. Upplifir starfsfólk að rödd þeirra heyrir í uppeldisumræðunni? Hvað hefur starfsfólk lært um námstækifæri sem bjóðast í leikskólanum?
- Í maí fer sérkennslustjórinn yfir gang sérkennslunnar á skólaárinu með stuðningsstarfmönnum og matteymi.
- Júní 2022 fer matsnefnd yfir umbótaáætlunina og metur hvað var gert og hvað ekki.

Starfið verður einnig metið jöfnum höndum, á deildafundum, fundum í samráðsteymi leikskólans, deildarstjórafundum og starfsmannafundum. Fundagerðir nýttar sem endurmatsgögn.

Út frá greiningu á þeim fjölbreyttu matsgögnum sem unnin voru skólaárið 2021-2022 voru skilgreindir fjölmargir umbótaþættir sem ætlunin er að vinna að á skólaárinu

Endurskoðun á skólanámskrá Marbakka hefst á skólaárinu og miðað er við endurskoðun hennar ljúki vorönn 2023. Kaflar úr skólanámskránni endurskoðaðir á þessu starfsári í takti við umbótarverkefni sem eru á áætlun.

- Ábyrgðarmaður: Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri.
- Tímarammi: Frá hausti 2021 til vors 2023.
- Hvernig metið: 15. júní 2023 í síðasta lagi birtist ný heildarendurskoðuð skólanámskrá Marbakka. Á vorönn 2022 fara leikskólastjóri og aðstoðar leikskólastjóri yfir hvað hefur áunnist og hvað er eftir.

Aðkoma foreldra í matsteymi rædd með foreldraráðinu í október og aðkoman skipulögð. Hvaða þætti og með hvaða hætti þeir óska eftir að koma að fyrir utan mat og yfirlestur á starfsáætlun, leikskóladagatali.

- Ábyrgðamaður: Leikskólastjóri.
- Tímarammi: Í október er fundur með foreldraráðinu og aðkoma að mati ákveðin, hvenær og hvernig.
- Hvernig metið: Í maí 2022 metur leikskólastjóri hvort og þá hvernig þetta umbótarverkefni gekk.

Upplýsingamiðlun milli stjórnenda verður endurskipulögð. Áhersla lögð á að upplýsingar verði aðgengilegar þeim sem þær eiga erindi til en ábyrgðin lögð í hendur þeirra sem þurfa og vilja fá upplýsingar sæki þær. Reynt að hafa upplýsingar sem mest í rafrænu formi í viðleitni til sjálfbærni, spara pappír og prentsvertu.

- Ábyrgðamaður: Leikskólastjóri.
- Tímarammi: Komið í gott horf í janúar og febrúar 2022.
- Hvernig metið: Spurt um upplýsingaflæði í starfsmannasamtölum í janúar/febrúar.

Formleg starfsmannasamtöl verða tekin við alla starfsmenn í janúar og febrúar 2022. Stuðst verður við stöðluð spurningaform og sama form verður fyrir alla starfsmenn. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri skipta með sér viðtölunum.

- Ábyrgðarmaður: Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri.
- Tímarammi: Janúar og febrúar 2022.
- Hvernig metið: Í lok mars fer leikskólastjóri yfir starfsmannalistann og athugar hvort allir hafi mætt í viðtal.

Verklag í kringum móttöku nýrra starfsmanna verður endurskoðað í upphafi skólaársins og verklaginu fylgt þegar nýir starfsmenn taka til starfa í Marbakka.

- Ábyrgðarmaður: Aðstoðarleikskólastjóri.
- Tímarammi: Hefst í ágúst 2021, komið í fastmótað ferli í október.
- Hvernig metið: Eftir fjóra mánuði í starfi verður stutt könnun lögð fyrir nýja starfsmenn um hvernig þeir upplifðu móttökuna.

Á haustönn veður haldið slysavarna- og skyndihjálparnámskeið, annað hvort á skipulagsdegi í nóvember eða á sér fundi í október þegar skipulagsdagur settur 3. janúar 2022 er unninn af sér.

- Ábyrgðarmaður: Leikskólastjóri.
- Tímarammi: Námskeiðið haldið á haustönn 2021
- Hvernig metið: Var námskeiðið haldið, já eða nei.

Fræðsla verður um barnaverndarstarf á skipulagsdegi í september.

- Ábyrgðaraðili: Leikskólastjóri. Hann fær starfsmann barnaverndar hjá Kópavogsbæ til að sjá umfræðsluna.
- Tímarammi: Námskeið haldið á skipulagsdegi 24. sept. 2021.
- Hvernig metið: Fór fræðslan fram, já eða nei.

Samstarf, samskipti og efling lærdómssamfélags sett í brennidepil á skólaárinu. Í gegnum þær áherslur verður unnið að góðum starfsanda, samskiptin bætt, hlúð að styrkleikum starfsmanna þegar kemur að starfsaðferðum leikskólans og stefnt að því að röddum allra starfsmanna gefið rými.

- Ábyrgðarmaður: Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri.
- Tímarammi: Frá hausti 2021 til vors 2022.
- Hvernig metið: Spurt um þessi atriði í starfsmannakönnun í maí 2022.

Áhersla verður sett á sjálfbærni og ryki dustað af lokaskýrslu sem kom út þegar verkefninu „Náttúran og nærumhverfið - Þróunarverkefni Kópavogsbæjar í sjálfbærni veturinn 2014 – 2015“ lauk.

- Ábyrgðarmaður: Deildarstjórinn á Læk, Sveinbjörg.
- Tímarammi: Allt skólaárið og stefnt að t.d. minni matarsóun, betri flokkun úrgangs og aukinni þátttöku barna.
- Hvernig metið: Í byrjun skólaárs verður listað upp það sem betur má fara þegar kemur að sjálfbærni og sá listi notaður í mat að vori. Mælingar ýmist í formi mælinga, talninga og merkt við gert eða ekki gert. Elstu börnin verða spurð út í þátttöku þeirra þegar kemur að minni matarsóun og flokkun sorps.

Farið yfir skipan öryggisnefndar og hlutverk. Skerpa sérstaklega á ferlum í kringum einelti og ofbeldi.

- Ábyrgðarmaður: Leikskólastjóri.
- Tímarammi: Haustönn 2021
- Hvernig metið: Í maí 2022 metur leikskólastjóri hvort og þetta var gert.

Endurheimta skal gæðaorðspor Marbakka sem framúrskarandi Reggio Emilia leikskóli. Mannauður og mikil þekking og reynsla í starfsmannahópi Marbakka í starfsaðferðum Reggio Emilia verður nýtt til að efla lærdómssamfélag leikskólans.

- Ábyrgðarmaður: Leikskólastjóri.
- Tímarammi: Tvö ár frá hausti 2021 til vors 2023.
- Hvernig metið: Metið með talningu hvort Marbakki verði eftirsóttari í lok tímans til að miðla til annarra t.d. nema og annarra leikskóla sem vilja læra um starfsaðferðir Reggio Emilia.

Námstækifæri í Marbakka bæði úti og inni verða skoðuð á þessu starfsári með áherslu á fjölbreytni og hlutverk starfsmanna.

- Ábyrgðarmaður: Sérgreinastjóri Unnur
- Tímarammi: Skólaárið allt.
- Hvernig metið: Viðhorfskönnun meðal starfsmanna og barna í maí 2022.

Lýðræði í starfi með börnunum eftl. Áhersla lögð á að Lýðræði sé að verki í dagsins önn þannig að börnin hafi áhrif á viðfangsefni dagsins. Ekki sé verið að leggja fyrir þau mikið af verkefnum sem ákveðin eru af fullorðnum heldur sé áhuga barnanna fylgt eftir með fjölbreyttum námsframboðum.

- Ábyrgðarmaður: Sérgreinastjóri Unnur.
- Tímarammi: Skólaárið.
- Hvernig metið: Uppeldisfræðilegar skráningar skoðaðar í janúar og apríl og með viðhorfskönnun barna í maí 2022.

Skapandi starf, heilsusamlegt mataræði leikskólabarna og námsumhverfið verður skoðað á skólaárinu og tengt endurskoðun á skólanámskránni, eflingu lærdómssamfélagsins og vinnu við að endurheimta orðspor Marbakka sem framúrskarandi Reggio Emilia leikskóli.

- Ábyrgðarmaður: Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
- Tímarammi: Skólaárið
- Hvernig metið: Myndir verða teknar í upphafi skólaárs af umhverfinu og starfinu og aðrar á vorönn og bornar saman til að athuga hvort sjáist breytingar. Einnig metið á matsfundi á vorönn.

Tölvuvinna og rafræn geymsla gagna samræmd og heimasíðan uppfærð. Hvernig unnið er með rafrænar fréttir og upplýsingar verður tekið til skoðunar og fundnar leiðir sem standast ný persónuverndarlög í samvinnu við tölvudeild Kópavogs. Listi tekin saman í upphafi skólaárs hvað þarf að samræma og uppfæra.

- Ábyrgðarmaður: Leikskólastjóri og sérgreinastjóri.
- Tímarammi: Skólaárið.
- Hvernig metið: Heimasíðan skoðuð að vori og farið yfir listann sem gerður var til vita hvað hefur áunnist.

Símenntunaráætlun 2021 - 2022:

September 2021: 24. sept.: Innlegg um uppeldisfræðilegar skráningar. Ingunn starfsmaður Marbakka sér um innleggið. Barnavernd, fræðsla frá Jóhönnu Lilju verkefnisstjóra snemmtæks stuðnings og samfelldrar þjónustu, hjá Kópavogsbæ.

Október 2021: Skyndihjálpar- og slysavarnarnámskeið.

Nóvember 2021: Fundur milli 16:30 og 18:30 í **byrjun nóv.** Fræðsla um lærdómssamfélag. Sveinbjörg sér um innleggið. **18. nóvember skipulagsdagur:** Fræðsla til leikskólastarfsmanna um vinnu með börnum sem sýna ADHD einkenni og erfiða hegðun. Erindi frá skólaþjónustu Kópavogs. Í framhaldi af námskeiðinu verður jafningjafræðsla um viðhorf til allra barna. Unnið að dýpkun starfsaðferða í gegnum jafningjafræðslu við endurskoðun skólanámskrárinnar með áherslu á sýn á barnið Steinunn Jóns stýrir vinnunni. **Fundur** milli kl. 16:30 og 18:30 í **lok nóv.** Fræðsla um starfsaðferðir Reggio Emilia og námstækifæri. Unnur Henrys sér um innleggið.

Janúar 2022: 3. janúar skipulagsdagur. Starfsfólk vinnur hann af sér. Fjórir tímar í október 2021 fara í skyndihjálpar- og slysavarnarnámskeið. Tveir tveggja tíma fundir í nóvember 2021 sem fara í endurskoðun skólanámskrárinnar, eflingu lærdómssamfélagsins og til að skerpa á starfsaðferðum Reggio Emilia.

Mars 2022: 17. mars skipulagsdagur: Jafningjafræðsla í uppeldisfræðilegum skráningum áhersla lögð á æfingar allra starfsmanna í gerð skráninga. Jafningjafræðsla í tengslum við endurskoðun skólanámskrárinnar m.a. með áherslu á skapandi starf.

Maí 2022: 14. maí skipulagsdagur: Hópeflisnámskeið.

Annað:

Á skólaárinu verða tvö menntafléttunámskeið á vegum HÍ gangi í Marbakka. Námskeiðin eru sett upp í anda þróaðs lærdómssamfélags og unnin í þróunar hringjum. Leiðtogar frá Marbakka sitja námskeiðin og hafa það hlutverk að virkja og smita samstarfsmenn sína til þátttöku svo myndist lærdómssamfélag í kringum efni námskeiðanna. Tveir leiðtogar frá Marbakka eru á hvoru námskeiði. Leiðtogar halda að jafnaði tvo vinnufundi með samkennurum á milli lota. Leiðtogar þurfa að reikna með svigrúmi og tíma til að styðja við námssamfélag jafningja á milli lota, sem fléttast saman við eigið starf. Rebekka og Sveinbjörg: Málörvun með sögum og söng. Gígja og Eva Hrund: Náttúruvísindi, tækni og málörvun í leikskóla. Auk þess eru Unnur og Steinunn starfsmenn í Marbakka þátttakendur í þróun á framhaldsnámskeiði HÍ um stærðfræði í leikskólum sem byggt er upp á sama hátt og menntafléttunámskeiðin.

Starfsmenn hvattir til að sækja sér þau námskeið sem þeir hafa áhuga og koma starfi þeirra í Marbakka til góða. Reynt að hliðra til og sýna sveigjanleika til að gera þeim það kleift svo fremi að það komi ekki niður á námi barnanna.

Stutt er við þá nema sem eru í námi í leikskólakennarafræðum samhliða starfi í Marbakka.